LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Alþingi
Ei Alþi nr. Þ 112/1012
komudagur 26/04 1990

26. apríl 1990

**Sjávarútvegsnefnd efri-deildar**
**Stefán Guðmundsson formaður**

**L S** hefur haft til skoðunar breytingatillögur við frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða.

**L S** fagnar því að þau sjálfsögðu mannréttindi fái að gilda áfram að ekki þurfi afskipti opinbera aðila af því hvort rennt sé fyrir fisk sér til ánægju.

**L S** þykir það miður að ekki sé sett ákvæði inn í lögin sem banni varanlegt framsal aflaheimildar frá smábátum til báta stærri en 10brl. **L S** telur að farsælasta lendingin í því máli sé setja þil milli báta og togara sem banni varanlegt framsal þar á milli.

**L S** ítrekar þá beiðni sína að tekið verði tillit til þeirra aðstæðna sem upp kunna að koma í grásleppuveiðum, þegar 5.mgr. í ákvæði til bráðabirgða nr II kemur til útreiknings. Þar leggur **L S** til að komi inn endurskoðunarákvæði sbr. lið nr 1 í bréfi **L S** til sjávarútvegsnefnda dagsett 23. mars 1990.

**Virðingarfyllst**

**f. h. Landssambands smábátaeigenda**

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda